



SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐ Í FÉLAGSHEIMILINU HVAMMSTANGA

Tillögur til sveitarstjórnar og til íbúasamráðs um framtíðarfyrirkomulag



MARS 2025

JÓHANN ÖRN FINNSSON – SIGURÐUR ÞÓR ÁGÚSTSSON – TANJA ENNIGARÐ
Fjölskyldusvið Húnapings verstra

Efnisyfirlit

Markmið samfélagsmiðstöðvar	3
Starfsemi og samstarfsaðilar	3
Þjónusta	3
Tillögur um viðbótarþjónustu í samfélagsmiðstöð.....	4
Dæmi um mögulega samstarfsaðila (o.fl.)	4
Opnunartími	4
Hugmyndatekning af 1. hæð samfélagsmiðstöðvar	5
Starfsmenn og stöðugildi	6
Útleiga og gjaldskrá	7
Tillögur að breytingu á gjaldskrá	7
Forgangur viðhalds og endurbóta innanhúss	8
Brunakerfi.....	8
Hljóðvist.....	8
Salur á 1. hæð.....	8
Lyklakerfi	8
Hönnun húsnæðis.	9
Eldhús - samantekt Hlédísar Sveinsdóttur	10
Punktar úr íbúasamráði	17
Niðurstöður úr ungmennafundi um samfélagsmiðstöðina	17
Hvaða tómstundir sjáið þið fyrir ykkur í samfélagsmiðstöðinni?	17
Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?	18
Hvaða væntingar hafið þið til tæknismiðjunnar (FabLab aðstöðunnar)?	19
Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera?	19
Hverjir eru kostir og ókostir þess að halda Órion á sínum stað?	20
Hverjir eru kostir og ókostir þess að flytja Órion í félagsheimilið?.....	20
Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?.....	21

Niðurstöður íbúafunda um samfélagsmiðstöðina.....	21
Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?	21
Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera háttað?	22
Hvað á samfélagsmiðstöðin að heita?	22
Hvernig á að virkja íbúa til þess að nýta sér samfélagsmiðstöðina?	23
Hvaða hópar og félagsamtök gætu nýtt sér samfélagsmiðstöðina fyrir sýna starfsemi?	23
Hvernig væri hægt að samnýta aðstöðuna? T.d. fyrir ólíka hópa?	24
Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?	24
Hvaða tómstundastarf sjáið þið fyrir ykkur í samfélagsmiðstöðinni?	24
Hvaða væntingar hafið þið til tæknismiðjunnar (FabLab aðstöðunnar)?	25
Hvernig gæti iðnaðareldhús nýst samfélaginu?	26
Hvað þarf að vera til staðar í iðnaðareldhúsi svo það nýtist sem best?	26
Niðurstöður fundar með ungmennum í dreifnáminu	27
Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?	27
Hvaða væntingar hafið þið til tæknismiðjunnar?	27
Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera?	28
Hverjir eru kostirnir og ókostirnir þess að halda Órion á sínum stað?	28
Hverjir eru kostir og ókostir þess að flytja Órion í félagsheimilið?	28
Hvað á samfélagsmiðstöðin að heita?	28

Markmið samfélagsmiðstöðvar.

- Samfélagsmiðstöð er ætlað að auka og efla tómstunda-, menningar- og listastarf í samstarfi við félög, stofnanir og einstaklinga í Húnaþingi vestra.
- Samfélagsmiðstöð er ætlað að vera lifandi staður þar sem allir íbúar get stundað tómstundir, menningu og listir.
- Í samfélagsmiðstöð verður sameinuð þjónusta sem nú þegar er til staðar til að nýta opinbera fjármuni betur og veita meiri þjónustu.
- Aðstaða fyrir félög og einstaklinga sem vilja standa fyrir opnu tómstunda-, menningar- og listastarfi.
- Föst starfsemi í stundaskrá sem spannar allt árið.
- Möguleikar á útleigu fyrir stærri og minni viðburði.

Starfsemi og samstarfsaðilar

Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um starfsemi í samfélagsmiðstöð í íbúasamráði og á fundum með nemendum. Hér að neðan eru dæmi og hugmyndir um samstarfsaðila og starfsemi í samfélagsmiðstöð. Búið er að eiga óformlegt samtal við flesta í upptalningunni í skýrslunni og allir áhugasamir um að skoða útfærslur nánar. Aðrir hafa þegar gert samstarfssamninga sem falla að starfsemi samfélagsmiðstöðvar einhverju eða öllu leyti.

Þjónusta

Gert ráð fyrir að fastir starfsmenn verði í húsinu og sinni þeirri þjónustu sem sveitarfélagið sinnir á öðrum stöðum. Dæmi um þá þjónustu er:

- Dreifnám.
 - o Í samvinnu við FNV.
- FabLab / tæknismiðja.
- Félagsmiðstöð.
 - o Í samstarfi við kjúklingaráð og ungmenni.
- Föndurstarf eldri borgara.
 - o Í samráði við félag eldri borgara.
- Krakkasveiflan.
 - o Í samvinnu við farsældarteymi.
- Umsjón með frístund eftir skóla.
 - o Samfélagsmiðstöð beri ábyrgð á og manni frístundastarf 1. - 4. bekkjar en það verði áfram til húsa í grunnskólanum.
- Vinnuskóli.
 - o Í samstarfi við verkefnastjóra umhverfismála.

Tillögur um viðbótarþjónustu í samfélagsmiðstöð

- Aðstoð við félags-, tómstunda og menningarstarf.
 - Í samstarfi við fjölmarga.
- Biðtími nemenda eftir skóla.
 - Miðstig og yngri nemendur hafa ekki samastað í biðtíma og ekki er pláss eða aðstaða fyrir þau í íþróttamiðstöð. Töluvert er af nemendum í 3. og 4. bekk sem ekki eru í frístund og vantar samastað milli skóla og æfinga.
- Lengd viðvera fatlaðra barna í 5. bekk og eldri.
 - Skoðað verði með frekara samstarf við önnur úrræði í málefnum fatlaðra.
- Salur í norðausturhorni kjallara í Nestúni verði nýttur sem aðstaða fyrir smíðavélar í samstarfi við félag eldri borgara.
- Auglýsingar, leiðbeiningar og aðstoð við skipulagningu viðburða.
 - 17. júní, sjómannadagur, sumardagurinn fyrsti, Eldur í Húnaþingi.


Dæmi um mögulega samstarfsaðila (o.fl.)

- Dreifnám
- FabLab / tæknismiðja
- Félag eldri borgara
- Félagsmiðstöð
- Föndurstarf eldri borgara.
- Handbendi
- Húnaklúbburinn
- Kirkjan
- Kvenfélög
- Krakkasveiflan
- Lionsklúburinn Bjarmi
- Menningarfélagið
- Pílufélag
- Samfélagsmiðstöð
- Selasetur
- Frístund eftir skóla.
- Viðburðir
- Vinnuskóli

Opnunartími

Á íbúafundi komu fram tillögur um að opnunartími yrði frá morgni fram á kvöld. Ef mið er tekið af þeim hugmyndum um starfsemi sem hafa komið fram má búast við opnunartíma á bilinu kl. 8:00 til kl. 22:00. Það getur þó verið misunandi eftir dögum og tímabilum og gerð stundaskrár fyrir fasta starfsemi í húsinu miðað við vikuplan. Lagt er til að frekari mótun dagskrá í samstarfi við hagsmunaaðila leiði af sér fyrstu tillögur að opnunartíma.

Hugmyndatekning af 1. hæð samfélagsmiðstöðvar



Starfsmenn og stöðugildi

Lagt er til að 4,4 stöðugildi verði í samfélagsmiðstöð. Lagt er til að ráðinn verði íþróttar-, menningar- og tómstundafulltrúi sem hafi yfirumsjón með skipulagi samfélagsmiðstöðvar, íþróttar-, tómstunda og menningarstarfs.

Lagt er til að eftirfarandi stöðugildi verði í samfélagsmiðstöð:

- o Íþróttar-, menningar- og tómstundafulltrúi. 100%
 - o Umsjónarmaður tæknismiðju. 100%
 - o Tengslafulltrúi/umsjónarmaður tómstundastarfs 100%
 - o Umsjónarmaður dreifnáms og frístundastarfs 100%
 - o Hlutastarf 40%
- Tillagan gerir ráð fyrir að íþróttar-, menningar- og tómstundafulltrúi beri ábyrgð á skipulagi og mönnun málaflokkanna. Hafi ábyrgð á fjáhagslegum rekstri, styrkjaumsóknum, verkefnastýringu og almennri stjórnun.
- Gert er ráð fyrir sveigjanlegum vinnutíma annarra starfsmanna miðað við fyrir fram ákveðna dagskrá og skoða þarf hvort vaktavinna verði sett upp eða yfirvinna þegar starfsemi er fram á kvöld. Aðsókn og skráning ræður þessu.
- Þó að ofangreind störf feli í sér ákveðna sérhæfingu er gert ráð fyrir að allir í samfélagsmiðstöð vinni í teymi og skipti með sér ólíkum verkum en starfsheitið skilgreina ábyrgðarhluta tiltekinna þátta. T.d. gætu allir tekið vaktir með börnum í félags- og klúbbastarfi, föndurstarfi o.s.frv. Með því er hægt að nýta hæfni og færni hvers og eins.
- Reglubundin ræsting yrði hluti af stöðugildum í samfélagsmiðstöð og skipulögð af yfirmanni en mikilvægt er að frágangur, tiltekt og að fjarlægja rusl sé á ábyrgð þeirra sem nýta húsið og starfsmenn fylgi því eftir. Einnig yrði birgðahald, innkaup, umsjón með hitun og loftræstingu hluti af störfum þessara starfsmanna.
- Hægt verður að kaupa tiltekna þjónustu við aðra viðburði, s.s. að raða upp, ganga frá borðum og stólum o.þ.h. Sjá tillögur að gjaldskrá.
- Jafnframt er lögð til fjármögnunartillaga vegna starfanna í sérstöku minnisblaði til sveitarstjórnar.

Útleiga og gjaldskrá

Félagsheimilið er reglulega leigt út fyrir bæði smærri og stærri viðburði sem krefst verulegs tíma í frágang og þrif miðað við núverandi fyrirkomulag og þjónustu. Umgjörð og frágangur á borðum og stólum getur bætt við töluverðum tíma við þriffin, allt eftir umfangi viðburðarins samkvæmt greinargerð húsvarðar.

Mikilvægt er að félagsheimilið verði áfram aðgengilegt og vel nýtt til slíkra viðburða en ljóst að breyta þarf þjónustu vegna slíkrar útleigu og huga að því hvernig hún samræmist þörfum samfélagsins og menningar, lista- og tómstundastarfs. Miðað við meginhugmyndir um starfsemi samfélagsmiðstöðvar virðast þessi tvö hlutverk fara vel saman.

Þess vegna er lagt til að þegar húsnaðið er leigt út fyrir viðburði þá sjái leigutaki um að raða upp og ganga frá öllu því sem hann notar vegna leigunnar. Þá tæmir leigutaki rusl, þvær borðbúnað ef hann er notaður, raðar stólum og borðum og sópar yfir gólf. Starfsmenn hússins fylgja því eftir hvort húsinu séu skilað eins og fyrirmæli og leiguskiðmálar kveða á um. Einnig er lagt til að hægt verði að kaupa tiltekna þjónustu vegna viðburða.

Dæmi:

- Skila skal rýmum þannig að rusl og blettir eru fjarlægðir og þurrkað af borðum. Allur búnaður sem nýttur er skal settur að sinn stað í lok viðburðar.
- Hægt er að semja um þjónustu fyrir fram og eftir á, s.s. að raða borðum og stólum, vaska upp, flagga o.s.frv. (setja þarf gjaldskrá og nánari lýsingu á þessari þjónustu).

Tillögur að breytingu á gjaldskrá

- Almenn gjaldskrá gildir fyrir :
 - Einkaleigu.
 - Viðburði þar sem selt er inn eða ekki samstarfssamningur í gildi.
 - Veislur og erfidrykkjur.
 - Fundi og kynningar einstaklinga, félagasamtaka og stofnana.
- Ekki er innheimt gjald fyrir viðburði sem teljast til reglulegrar dagskrár í samfélagsmiðstöð og er öllum opin (m.t.t. aldurstakmarks). Óheimilt er að hafa aðgangseyri að reglulegri dagskrá nema leiga sé greidd af rýminu. Ábyrgðaraðili fyrir viðburði í reglulegri dagskrá skal gera samstarfssamning við Húnaþing vestra um framlag hans til samfélags og/eða húsnaðis.
- Ekki er innheimt gjald fyrir staka viðburði sem teljast til íþróttar-, tómstunda og menningar ef þeir eru öllum opnir, án aðgangseyris og innan auglýsts opnunartíma. Ábyrgðaraðili fyrir viðburði skal gera samstarfssamning við Húnaþing vestra um framlag hans til samfélags og/eða húsnaðis.
 - Heimilt er að semja um afnot af félagsheimili í samstarfssamningi vegna verkefna í samfélagsþágu þó að innheimt verði gjöld/aðgangseyrir. Verkefni í samfélagsþágu teljast m.a.:
 - Samkomur og námskeið fyrir leik- og grunnskólabörn.

- Samkomur og námskeið á vegum dreifnáms eða Tónlistarskóla Húnaþings vestra.
- Samkomur og námskeið fyrir börn og ungmenni á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga.
- Samkomur og námskeið á vegum félagasamtaka eða góðgerðarfélaga í sveitarfélaginu sem börn, ungmenni eða eldri borgarar njóta góðs af.

Forgangur viðhalds og endurbóta innanhúss

Gera þarf reyndarteikningar af húsinu eins og það er í dag. Allur grunnur af frekari hönnun og vinnu kemur í kjölfar þessarar vinnu.

Brunakerfi

- Brunahanna þarf félagsheimilið í heild út frá þeim tillögum sem verða samþykktar. Í kjölfarið þarf að setja upp brunakerfi og brunahólfun.

Hljóðvist

- Mikilvægt er að finna hentugar leiðir til að tryggja góða hljóðvist. Sérstaklega í sal á 1.hæð en einnig víðar í húsinu og með tilliti til notkunar á hverju rými.

Salur á 1. hæð

- Rífa eldhús. Gert er ráð fyrir að kaffistofa nýtist fyrir smávægilegar veitingar en eldhús á 2. hæð fyrir stærri viðburði.
- Skipuleggja salinn með hagsmuni félagsmiðstöðvar, pílufélags og félags eldri borgara í huga. Huga þarf að mismunandi lýsingu eftir því hvað er í gangi. Koma þarf tækjum og búnaði úr félagsmiðstöð fyrir og eiga samráð við nemendur, eldri borgara, pílufélag og fleiri eftir atvikum.
- Hanna þarf lýsingu sem hentar mismunandi notkun, s.s. diskótek, föndurstarf, o.fl.
- Mála.
- Setja gólfefni.
- Mikilvægt er að nemendur upplifi betri aðstæður/tæki við flutning yfir í samfélagsmiðstöð.
- Gardínur / myrkvun.

Lyklakerfi

Setja þarf upp þráðlaust aðgangsstýrkerfi í stað lykla, t.d. í gegnum app. Mikilvægt er að kerfið taki mið af hönnun hússins miðað við áætlaða notkun og útleigu.

Hönnun húsnæðis.

Hanna þarf húsnæði með tilliti til þeirra endurbóta sem húsið mun ganga í gegnum til að tryggja forgangsatriði í fjármögnun og tryggja hámarksnýtingu fjármuna. Það sem þarf að hafa í huga með hönnun er:

- Skiplag og hönnun eldhúss og búrs.
 - Nýta punkta af íbúafundi og samantekt Hlédísar Sveinsdóttir til að hanna eldhús og kynna fyrir íbúum.
 - Skoða að nýta búnað í eldhúsi á 1. hæð.
- Hönnun á aðalsal, suðursal og anddyri.
 - Lagt er til að íbúasamráð verði haft um tillögur um hönnun á útliti.
- Staðsetning lyftu.
 - Lagt er til að skoðað verði hvort lyfta geti komið í kyndiklefa. Ef ekki þá þarf að gera ráð fyrir lyftu á milli hæða sem rúmar borðavagna.
- Lokanir á milli sala.
 - Finna þarf búnað til að lyfta hlerum eða aðrar lausnir.
- Loftræsting og upphitun
 - Skoða þarf hvort endurnýja þarf búnað við loftræstingu og upphitun.
- Hanna þarf almenna lýsingu í félagsheimilinu.
 - Salir.
 - Önnur rými.
 - Lýsing fyrir svið.
 - Utan við svið
 - Innan á sviði
- Kanna hvort sýningarrými á 3. hæð geti nýst sem aðstaða fyrir hljóð- og ljósastýringu.
 - Lagt er til að kvikmyndasafn Íslands meti sýningarvélur og hvort það taki við þeim, að öðrum kosti verði þær gefnar/fargað.
 - Skoða hvort ljósabúnaður fyrir svið geti verið geymdur á 3. hæð.
- Fleiri atriði...

Eldhús - samantekt Hlédísar Sveinsdóttur

Hjartað í Húnaþingi vestra
“Samfélagseldhús”

“Gæfumaður er hver sá sem stráir gleði í kringum sig”



Uppruni:

Félagsheimili eru samkomustaður þar sem fólk kemur saman til að taka þátt í félagslegum, menningarlegum eða fræðandi athöfnum. Þar geta opinberir aðilar, félagasamtök og einstaklingar geta boðið upp á ýmis konar þjónustu eins og námskeið, viðburði, íþróttir, og aðra félagslega virkni. Félagsheimili gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu þar sem þau stuðla að samveru, félagslegum tengslum og menningarlegri virkni. Þau eru opin öllum aldurshópum og íbúum í byggðarlögum og gegnir þannig mikilvægum þætti í samfélagi fólks.

Félagsheimilið Hvammstanga var byggt árið 1969 eftir teikningum Bárðar Daníelssonar verkfræðings og arkitekts. Húsið er tignarlegt og stílhreint, minnir um margt á húsið Villa Savoy eftir arkitektin LeCorbusier sem er þekkt fyrir fegurð. Staðsett á fallegum stað í hjarta Hvammstanga, í Húnaþingi vestra.



Ávinningur:


Samfélag fólks hefur breyst í áranna rás og það hefur áhrif á hlutverk samkomuhúsa. Afþreying er með öðrum hætti en þegar félagsheimili landsins voru byggð, samgöngur betri og möguleikar til samskipta gjörbreyttar. En eftir stendur að manneskjur þurfa á manneskjum að halda, félagsskap fólks og afþreyingu. “Maður er manns gaman” segir máltækið og á jafn vel við í dag og þegar félagsheimili landsins voru byggð.

Það er talað um að hjarta heimilisins sé eldhúsið og það má heimfæra það á eldhús í félagsheimilum. Þar slær hjarta húsins. Það er fátt sem sameinar okkur eins fallega og matur. Matur er ekki bara næring, matur er saga, menning, hefð og list. Matur er afþreying, uppgötvanir, nám og nærvera. Matur er því öflugt tæki til að þjappa samfélögum saman, efla tengsl og virkja félagslega þátttöku íbúa á öllum aldri. Það er okkur lífsnauðsynlegt að nærast og því er samspil matar og menningar gríðarlega mikilvægt hverju samfélagi. Það mætti segja að “Matur er manns gaman”. Tækifærin til að glæða lífi í félagsheimilið liggja því mörg í gegnum eldhúsið.

Matur sameinar fólk á öllum aldri. Til er hugmyndafræði sem kallast “kynslóðablöndun” og gengur út á félagslega samheldni og samfélagsuppbyggingu. Kynslóðablöndun brýtur niður aldurstengdar staðalmyndir og eflir gagnkvæma virðingu og skilning. Fyrir eldra fólk geta samskipti við yngri kynslóðir dregið úr einmanaleika og einangrun, bætt andlega heilsu og ýtt undir líkamlega hreyfingu. Slík starfsemi hjálpar til við að skapa sterkari samfélög án aðgreiningar og er einn af mögulegum ávinningum þess að vera með samfélagseldhús. Félagsleg þátttaka skiptir máli bæði upp á andlegt og líkamlegt heilbrigði fólks. Mikilvægt er að horfa til þess hvernig megi þjappa íbúum saman þvert á aldur, efla tengsl þeirra á milli og huga að inngildingu nýrra íbúa. Kynslóðablöndun auðveldar skipti á menningar hefðum, sögum og gildum sem skiptir miklu máli á varðveislu á vinnsluáðferðum og matarhandverki.

Það er margvíslegur ávinningur af því að koma upp góðri aðstöðu í eldhúsi félagsheimilisins og bæta þannig nýtingu og auka verðmætasköpun úr afurðum bæði úr sjó og af landi. Leggja þarf áherslu á vöruþróun og fullvinnslu í auknum mæli. Að auki þarf að horfa til hráefna sem falla til og eru ekki nýtt. Aukaafurðir atvinnuvega. Þar liggja tækifæri og margvíslegur ávinningur, bæði efnahagslegur og umhverfislegur.

Ávinningurinn af verkefni eins og “samfélagseldhúsi” þar sem eldhús félagsheimilis er endurbyggt með þarfir og vilja íbúa í huga er margvíslegur. Ekki einungis er hann samfélagslegur heldur einnig efnahagslegur. Góð aðstaða fyrir fyrstu skref frumkvöðla, vöruþróun, matartengda viðburði og matarmenningu ýmiskonar stuðlar að sjálfbærri þróun, eykur nýsköpun og fjölgar atvinnutækifærum.



Þá þarf að vera þurrvörulager aðstaða sem og geymslupláss fyrir búsaðhöld, tæki og fl. Eldhúsið þarf að vera þannig búið að það rými við sem víðasta starfsemi. Að einstaklingar geti framleitt eða fullunnið hráefni, félagasamtök geti staðið fyrir viðburðum, að hægt sé að halda námskeið bæði verkleg og ekki, að veisluþjónustur geti nýtt aðstöðuna, hópar geti leigt þar aðstöðu hvort sem er stórfjölskyldur að steikja laufabrauð eða úrbeina að hausti.

Á íbúafundi sem haldinn var 17. september 2024 um félagsheimilið sem samfélagsmiðstöð kom fram að íbúar sáu fyrir sér fjölbreytta notkun á eldhúsi með eftirfarandi hætti:


- *Úrbeining,*
- *sultugerð,*
- *gera að villibráð,*
- *vottað fyrir matvælaframleiðslu,*
- *veisluþjónusta,*
- *matreiðslunámskeið,*
- *þjóða upp á fjölbreyttari mat á böllum,*
- *bökunaraðstaða,*
- *aðstaða fyrir smáframleiðendur og framleiðendur Beint frá býli,*
- *matvælanýsköpun,*
- *námskeiðahald,*
- *veisluhöld (líka undirbúningur),*
- *framleiðsla matvæla til fjáröflunar,*
- *aðstaða fyrir stórfjölskyldur,*
- *laufabrauðgerð og smákökur.*

Einnig var spurt um aðstöðuna, hvernig íbúar sæju fyrir sér aðstöðuna:

- *Gott að þrifa,*
- *góðir kælar og frystar,*
- *vacuum pökkun,*
- *tveir iðnaðarofnar,*
- *innangengur kæli*
- *iðnaðar hrærivél,*
- *hakkavél,*
- *vinnuborð,*
- *kjötsög,*
- *hamborgarapressa,*
- *þjúgnagerðarvél,*
- *aðstaða til kjötvinnslu,*
- *geta unnið heilan kjötskrokk,*
- *hnífabrynnari,*
- *heil uppvöskunarlína,*

- *vogir og mælitæki fyrir framleiðslu.*

Þá kom fram að á Skagaströnd, sem er í um 80 km fjarlægð frá Hvammstanga, er vel búið iðnaðareldhús sem er staðsett í gamla frystihúsinu. Vörusmiðjan Bio Pol er með vinnsluleyfi frá Matvælastofnun og framleiðendur sem eru stærri geta framleitt sínar vörur þar.



Aðgerðir:

Virkja opinbera aðila, samfélagið, einstaklinga, frumkvöðla og alla þá sem gætu haft hug á að nýta fjölbreytta möguleika eldhús sem býður upp á aðstöðu hvort sem vottun er notuð eða ekki.

Punktur til skoðunar fyrir “Samfélagseldhús” :

1. Vinnsla afurða. Hér er bæði átt við minni frumframleiðendur en einnig þau sem kaupa aðföng og vinna vörur sem og þau sem vinna úr villtum afurðum. Mikilvægt er að ýta undir nýtingu staðbundina hráefna og þannig stuðla að staðbundinni framleiðslu. Það styrkir tengsl við samfélagið og eykur meðvitund og stolt tengt staðbundum matvælum.

Skoða þarf hvaða aðstöðu og tæki þarf til að uppfylla skilyrði til minni vinnslu afurða. Samfélagseldhús þarf að stuðla að fræðslu þessu tengt svo sem námskeið í nýtingu afurða, sveppa, osta og fl.

2. Samfélagslegur stuðningur. Einstaklingar og hópar geta komið saman og unnið með og úr matvælum. Hvort sem það er úrbeining, steyking laufabrauða eða annað.

Samfélagseldhús þyrfti að hafa frumkvæði að viðburðum eins og laufabrauðsgerð, bjúgnagerð, sláturgerð og fl.

3. Fræðsla og námskeið. Opinberir aðilar, einkaaðilar eða aðrir geti haldið þar námskeið og verið með matartengd erindi. Svo sem um sjálfbærni, matarsóun og hollt mataræði. Hér mætti líka horfa til samstarf við þá aðila sem eru með nám og endurmenntun á svæðinu.

4. Félagslegri virkni. Samfélagseldhús nýtist vel í því að aðstoða við viðkvæma hópa t.d. Við inngildingu nýrra íbúa og til að rjúfa einangrun og einmanaleika.

5. Samstarf við aðrar stofnanir. Kvenfélög, björgunarsveitir eða önnur félög eða félagsskapur þarf að geta nýtt sér aðstöðuna t.d. til fjáröflunar. Þá væri hægt að halda þar veislur og viðburði með mat hvort sem er afmæli, erfidrykkjur eða annað.

6. Efling samfélagsins. Eldhús í félagsheimilum eru því ekki aðeins staður fyrir matreiðslu, heldur einnig mikilvægt samfélagslegt rými þar sem fólk getur tengst, lært og tekið þátt í virkni sem styrkir samfélagið.

7. Nýsköpun. Í dag er engin aðstoða fyrir nýskapandi frumkvöðla í Húnaþingi vestra. Sveitarfélagið hefur hér tækifæri á að verða leiðandi á landsvísu í stuðningi við matvælatengda frumkvöðlastarfsemi með því að bæði styðja við frumkvöðla á svæðinu en einnig laða til sín nýskapandi aðila utan svæðis. Frumkvöðlastarfsemi er samofin menningu, samfélagi og efnahagslíf. Tækifæri eru þróun nýsköpunarumhverfis á sérkennum og styrkleikum svæðisins sem er matvælaframleiðsla.

8. Viðhalda matar menningarlegum hefðum svo sem þorrablóti, erfðadrykkju og fleiri samfélagslegum viðburðum hvort sem einstaklingar, veisluþjónustur eða samtök veita þjónustuna.

9. Vera opin fyrir vinnslu og þróun á snyrtivörum, fæðubótarefnum, dýrafóðri og öðru sem unnið væri úr frumhráefnum úr Húnaþingi vestra.

10. Tækifæri til atvinnuuppbyggingar fyrir veisluþjónustur, bakarí og fleiri fagaðila meðan á uppbyggingarfasa stendur eða þjónusta er í litlum mæli.

11. Stuðla að þekkingarsköpun og jafningjafræðslu.

Niðurstaða:

“Samfélagseldhús” þarf að vera lifandi verkefni og opið fyrir áframhaldandi þróun og tækifærum til vaxtar. Horfa verður á verkefnið heildstætt með hringrásarhagkerfið í huga og hugsa þetta út frá samfélaginu í heild. “Samfélagseldhús” styður við matvælaíðnað á svæðinu, skapar jákvæða ímynd af samfélaginu og eykur framboð á matvælum úr héraði til íbúa og gesta. Á það við um landbúnaðarvörur, sjávarfang, náttúruafurðir, villtar afurðir og fl. Það stuðlar einnig að vöruþróun úr hliðarafurðum. Verkefnið getur stuðlað að fjölbreyttara atvinnulífi og kallað á þekkingu inn á svæðið.

“Samfélagseldhús” er hugsað sem eldhús fyrir samfélagið og minni aðila í þróun og vinnslu. Þau sem stærri eru býðst að fara á Skagaströnd í fullbúna vinnslu þar. Félagsheimilið héldi þannig fyrri starfsemi sem tengist eldhúsi (viðburðir, erfidrykkjur, afmæli og fl.) en til viðbótar væri farið í að sækja þangað frumkvöðla á fyrstu stigum og minni framleiðendur. Fjölga viðburðum tengdum matarmenningu og fá einstaklinga, félagasamtök og stofnanir til að nýta aðstöðuna.

Í óformlegu svari frá starfsmanni Matís kom fram að mögulega væri hægt að nýta búningsherbergi og snyrtingu við hlið eldhús með því að setja upp skilrúm innan við dyrnar inn í vinnslurými (til að fara í hrein utanyfirföt, slopp eða svuntu) Innan við skilrúmið þarf að vera handlaug, matvælavaskur og uppþvottavaskur. Matvælavinnslan með smærri vinnslutækjum fer fram í vinnslusal þar má hafa eldavél, ofn, hrærivél, hakkavél, mulinex osfr. Í búrinu yrði síðan að koma fyrir hrað- frysti/kæli til að kæla niður matvæli eftir vinnslu/hitun/bökun/steikingu og þar yrði líka að vera geymslufrystir og geymslukælir fyrir hráefni og unnar vörur. Þarf veglegt pláss. Þar þarf líka að koma fyrir hillum fyrir umbúðir, þurrvöru og geymslu fyrir þau tæki sem ekki eru í notkun þá stundina. Vinnslu rýmið þarf að vera loftræstanlegt og ef það á að nýtast sem kjöt- eða fiskvinnsla. Blautrými þarf að vera mögulegt að kæla niður í a.m.k. 12°C . Veggir, gólf og fastur búnaður verða vera þvottekta, mögulegt að þrifa og jafnvel smúla og þá þarf líka gólf niðurfall. Þarna verður líka að vera einhvers konar meindýravarnir s.s. músagildir og eiturstöð utandyra, og flugnabanar ef í rýminu eru opnanlegir gluggar en best er að hafa enga slíka.

Meta þarf hvaða framleiðslumöguleikum er skynsamlegt að koma upp í Félagsheimilinu Hvammstanga með hliðsjón af fullbúinni aðstöðu á Skagaströnd til matvælavinnslu.

*“Samfélagseldhús” fellur að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem og stefnu íslenskra stjórnvalda. Einnig að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, matvælastefnu Íslands til ársins 2040, stefnumótandi byggðaáætlun 2022 -2036 og stefnu stjórnvalda á sviði nýsköpunar.

Hlédís Sveinsdóttir
Desember 2024

Punktar úr íbúasamráði

Fjólublátt: Er nú þegar til staðar

Ljósblátt: Góð hugmynd

Grænt: Kemur til greina

Rautt: Ekki talið raunhæft

Niðurstöður úr ungmennafundi um samfélagsmiðstöðina

Hvaða tómstundir sjáið þið fyrir ykkur í samfélagsmiðstöðinni?

- 3D Prentarar
- Listasmiðjur
- Sauma föt
- Smiðjur
- Leikrit
- Talga og smíða
- Bakstur
- Spila á hljóðfæri
- Vísindasal
- Bíókvöld og nammi
- Kósí herbergi/horn
- Fleiri keppnir með vinningum eins og tísku keppni eða pool keppi, ráðgátuleikir eða leita af hlut
- Diskó herbergi með ljósu og öllu
- Búningakeppni
- Gista í félagsheimilinu
- Búningakassi
- Bökunarkeppni
- Rafíþróttir
- Píla
- Fleiri tölvur
- Tölvuleikir og bíókvöld
- Hafa nerf byssur stríð
- PS5
- Teikninámskeið
- D&D
- Að frímínútur séu í félagsmiðstöðinni
- Vera með reglulega viðburði eins og open mic eða spunakvöld
- Bingó

- Gaga völlum með teppi undir
- Hægt að kaupa miða og horfa á bíómyndir

Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?

- Ipad sem hægt er að teikna á með apple penna (listasmiðja)
- Pool borð
- Klifurveggur
- Aparóla og kóngulóaróla
- Skíðasvæði
- Spilaklúbbur
- Hoppsnúningstæki (kjamaskógur)
- Krakkarækt
- Læra á tölvur
- Keila
- Hljóðfæri
- Zipline
- claw machine
- Bíó hús
- Rennibraut
- Podcast rými
- Dj græjur
- Go kart
- Trampólíngarður
- Arcade
- Borðtennisborð og spaðar
- Mini golf
- Draugahús
- Kareoke
- Lasertag
- VR
- Paintball
- Tónlistaherbergi
- Rými til að baka
- Teppa, sófar, púðar
- Sjoppa/sjálfsali
- Posa fyrir sjoppuna
- Námskeið

- Herbergi til að taka upp tónlist, myndbönd og hlaðvörp. Þar geta verið sömuleiðis hljóðfæri og hljóðnemar. Gott væri að herbergið sé vel hljóðeinangrað og þar væri búnaður til að taka upp tónlist
- Ís úr vel með nammi og annað
- Búningsherbergi
- Sjónvörp
- nintendo tölva
- chill staður með sófum, grjónapúðum, hengirúmi, tjöldum og allskonar fleira

Hvaða væntingar hafið þið til tækni miðjunnar (FabLab aðstöðunnar)?

- Smíða/prenta úr járni í 3D prentara
- Sauma og handavinna
- tie dye
- búa til slím
- armbandsgerð
- prenta fyrir föt
- Vélmenni
- Búa til logo á föt
- Búningar fyrir hátíðar
- Búa til teiknimyndir og dót sem tengist því
- Að það sé hægt að hanna föt

Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera?

- Hafa það opið eftir klukkan 18:00 því fólk er að stunda íþróttir og sinna vinnu
- Opið allan sólahringinn
- Opið alla daga frá 06:00 – 21:00
- 18:30 – 20:30 Því að sveitakrakkarnir þurfa að koma fyrir heim
- 18:00 – 21:00 Þarft ekki að vera allan tíman
- 19:00 – 21:00
- 06:15 – 22:00
- 09:00 – 22:00 um helgar
- Opið alla virka daga frá 13:00 – 23:00 og 12:00 – 18:00 um helgar
- 08:00 – 18:00 alla daga
- Opið frá 10:00 – 22:00
- Fer eftir hvaða tómstundir eru í boði
- Ekki hafa opið eftir miðnæti nema fyrir stóra viðburði

Hverjir eru kostir og ókostir þess að halda Órion á sínum stað?

- Ókostur að það sé stundum lítið pláss
- Kostur að það er stutt í hraðbankann
- Kostirnir eru að þetta sé miðsvæði. Nálægt bókasafninu, góður staður fyrir afmæli, nálægt búðinni,
- Ókostir eru lítið og þröngt
- Engir ókostir, alltaf að hafa Órion í Órion
- Frekar gott í Órion út af því að er skemmtilegt svæði
- Við viljum hafa Órion á sýnum stað. Okkur finnst aðstaðan kósí og þægileg en það þarf þó meiri afþreyingu í Órion
- Styttra að labba fyrir suma
- Það vantar búnað í Órion
- Það er gaman í Órion en það getur verið skemmtilegra
- Halda félagsmiðstöðinni í Órion því það er original
- Staðurinn er ekki vondur en alls ekki góður

Hverjir eru kostir og óskostir þess að flytja Órion í félagsheimilið?

- Kostur að það er meira pláss í félagsheimilinu
- Kostur að við getum nýtt plássíð í fleiri afþreyingar
- Okkur finnst hugmyndin vera góð að flytja Órion í félagsheimilið
- Kostir að það sé meira pláss og því fleiri leiktæki
- Húsnæðið býður upp á fleiri tæki og aukna afþreyingu
- Ókostur er að fólk mun vera lengi að venjast nýjum aðstæðum
- Kosturinn við að hafa Órion í félagsheimilinu er að við myndum ahafa dreifnámið og pílusalinn fyrir okkur fyrir fjölbreytta leiki og tæki.
- Ókostur ef við þurfum að vera með viðburði á samat tíma og aðrir
- Ef samfélagsmiðtöðin og félagsmiðstöðin eru opin á sama tíma er það mikill ókostur.
- Það er hægt að gera meira í samfélagsmiðstöðinni
- Það gæti verið fleiri tækifæri að gera fleira og auka tækifæri til þess að níta tíman án þess að leiðast
- Kostur ef við gætum nýtt allt húsið þegar Órion er í gangi
- Ókostur meiri læti ef það er leikrit
- Ókostur ef við þurfum að hætta við opnun í Órion því það er annar viðburður í gangi eins og leikrit og það má ekki vera hávaði
- Ókostur að það sé ekki eins kósí og í Órion og búið er að setja allt upp í núverandi Órion eins og ljós og hljóðbunað. Verður það gert í samfélagsmiðstöðinni?
- Meira pláss og kannski skemmtilegra
- Vantar kósí stað
- Engir sófar í félagsheimilinu

Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

- Gista í félagheimilinu!
- Að það má koma með gæludýr
- Stundaskrá fyrir samfélagsmiðstöðina

Niðurstöður íbúafunda um samfélagsmiðstöðina

Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?

- Zumba
- Dansnámskeið
- Pílufélag (dreifnám eða matsalur)
- Kaffi stofa, blöð og spjall
- Hafa upplýsingar, fréttir og tilkynningar
- Stóri + litli sannleikur (staur)
- Heimavinnustofur (námsmenn vinna saman)
- Foreldramorgnar
- Húsnæði fyrir eldri borgara. Þarf að vera eldhús pláss, kaffi stofa, borð og stólar
- Eldhús
- Lyfta
- Hjólastólaaðgengi
- Rafmagnsopnun á hliðarhurðirnar
- Upplýsingamiðstöð tómstunda með aðgengilegum starfsmanni sem þekkir vel til. Sambærilegt við upplýsingamiðstöð ferðamanna í selasetrinu
- Loftræsting
- Að raflagnir séu fullnægjandi fyrir allan búnaðinn í húsinu
- Vínveitingarleyfi
- Lítið æfingakerfi (hljóðkerfi) fyrir minni og stærri tónlistarverkefni
- Ljósarár á mótorum
- Vínveitingarleyfi. Ekki bara fyrir hvern viðburð
- Bæta hljóðvist í stóra salnum
- Billjartborð
- Lyfta fyrir flygil
- Búnað í hljóðver
- Verkfaraleigu/bókasafn

- Breytanleg golfefni eftir viðburðum
- Borðtennisborð
- Leirbrennsluofn
- Hljóðfæri og búnaður fyrir hljómsveitarfæfingar
- Þythokki og leiktæki fyrir ungmenni
- Bókbandsbúnaður

Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera háttað?

- Starfsmaður á vakt frá sirka 10:00 að morgni og fram til sirka 18:00 að kvöldi alla virka daga
- 10 – 22/23
- Aðgengi fyrir alla, lyfta milli hæða
- Opnir tímar eftir þörfum
- Umsjón og þrif
- Stundartafla
- Opnunartími sé rúmur
 - Frá hádegi til kvölds (21/22)
 - Stór íþróttamiðstöð
- Alhliðaaðgengi: Lyfta og hjólastólaaðgengi. Færri þröskuldar
- Aðgangstýrikerfi
 - Að skilgreina hver hefur aðgang að hverju sinnbærði rými og búnaði
- Opið 10 – 22 virka daga. Styttra um helgar, að minnsta kost 6 tímar
- Skipuleggja tíma

Hvað á samfélagsmiðtöðin að heita?

- Féló
- Þinghús
- Tanginn
- Almenning
- Félagsheimilið Hvammstanga
- Félagsheimili Húnaþing vestra
- Hjartað
- Spíran
- Rótin
- Félagsheimilið

Hvernig á að virkja íbúa til þess að nýta sér samfélagsmiðstöðina?

- Með kynningum og auglýsingum á samfélagsmiðstöðinni
- Gott aðgengi
- Eins marga fría atburði og hægt er
- Litla viðburði til dæmis fyrir heimafólk
- Hafa opna daga
- Að allir eru velkomnir, mega dropa inn
- Fjölbreytt dagskrá
- Opin vefsíða með daglegum upplýsingum
- Skjá með upplýsingum í KVH og Nestún
- Gera fréttabréf
- Kaffimorgnar
- Að tala jákvætt um miðstöðinna
 - Að tala hlutina upp
- Að leigugjald sé viðráðanlegt, bærði rými og búnaður
- Kynningar/opið hús á því sem er í boði með reglulegum hætti (ekki bara til að byrja með)
- Námskeiðshald. T.d. fablab , í eldhús
- Allskyns viðburðir
- Láta rýmið vera opið fyrir samfélagsverkefni á mikils kostnaðar
- Hafa rými fyrir áhugaklúbb

Hvaða hópar og félagasamtök gætu nýtt sér samfélagsmiðstöðina fyrir sýna starfsemi?

- Félag eldri borgara
- Klúbbar og félög
- Ungmennastarf
- Barnastarf
- Spilaklúbbur
- Námskeið
- Pílufélag Hvammstanga
- Lions klúbburinn Bjarmi
- Kvenfélög
- Rauði krossinn
- Félagsmiðstöð
- Órion
- Kormákur
- Öll félagstarfsemi
- Húnaklúbburinn

- Listsköpun
- Hljómsveitir
- Kórar
- Bókasafn
- Kvæðamannafélag

Hvernig væri hægt að samnýta aðstöðuna? T.d. fyrir ólíka hópa?

- Búa til stundartöflu
- Hafa skápa sem hver hópur/klúbbur getur sett sitt dót
- Með góðu skipulagi
- Munaskápar
- Bókunarkefi fyrir hin ýmsu rými til að sjá hvað er laust og til að bóka
- Æfingaherbergi: Allt tónlistastarf á einum stað
- Órion + eldri borgara geta deilt rými
- Læstir skápar fyrir muni
- Sóðaherbergi: fyrir rennismíði og aðra óhreinar gjörðir
- Að aðstæðurnar í húsinu séu vel skipulagðar fyrir fólk í hjólastól

Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

- Færa smíðastofu „því við fáum ekki að vera lengur í VSP
- Samnýta starfsmenn sem fyrir eru hjá sveitarfélaginu
- Stofna tómstunda- og menningaráð með fjármagn á bakvið sig. Gætu sem dæmi komið til móts við viðburðarhaldara og lækka miðaverð
- Posi á staðnum, aðgengilegur fyrir alla
- Vínveitingarleyfi
- Það þar starfsmann í húsið til að hugmyndin gangi upp
- Grundvöllur samnýtingu er utanumhald

Hvaða tómstundastarf sjáið þið fyrir ykkur í samfélagsmiðstöðinni?

- Námskeið
- Fræðsla
- Söngur og upptaka á söng
- Pílufélag (dreifnám eða matsalur)
- Lions klúbbur
- Leigja efri hæð út fyrir smærri hópa og viðburði á lægra verði
- Billjard aðstaða

- Tórstundastarf fyrir eldri borgara
- Aðstaða til geymslu fyrir mismunandi hópa
- Viðger á tækjum, eldhúsháhöldum
- Bjóða upp á námskeið
- Bíó
- Keramik
- Leirmunir
- Postulínsmálun
- Sauma og öll handavinna
- Félagsmiðstöðin Óríon
- Frístund (kostir og gallar)
- Iðja – vinnustofa fatlaðra
- Leikflokkurinn
- Tónlistaræfingar
- Klúbbastarfsemi
- Afdrep fyrir börn, unglinga og fullorðna milli viðburða svo sem skóla og æfinga
- Tungumálakaffi

Hvaða væntingar hafið þið til tæknismiðjunnar (FabLab aðstöðunnar)?

- Búa til hluti
- Auka áhuga fólks á tækni og hönnun
- Hafa aðgang að FabLab og umsjónarmanni
- Opið fyrir alla
- Skóli og sumarstarf geti nýtt tækjabúnað og umsjónarmann
- Kynning eða námskeið um FabLab
- Nýsköpun
- Samþætting kennslu og iðnnáms
- Ungmenni og atvinnulíf
- Hljóðeinangrandi studio
- Rafíþróttir
- Aukið tæknilæsi samfélagsins. Til dæmis með námskeiðum
- Prenta varahluti
- Starfsmaður með þekkingu til að leiðbeina fólki
- Námskeið og kennsla
- Góður opnunartími sem hentar öllum aldri
- Rými fyrir tæki, efni og skrifborð- mjög plásfrekt
- Vinnuborð, teikniborð, ljósaborð – góð lýsing

- Góð loftræsting
- Fá fólk frá hátæknifyrirtækjum til þess að koma og kynna starfsemi sína eins og Össur og Marel

Hvernig gæti iðnaðareldhús nýst samfélaginu?

- Úrbeining
- Eldhúsið Verður nothæfara
- Matvælaframleiðsla
 - Villibráð
 - Sultugerð
 - Leigt fyrir kokka sem sjá um veislur úr húsi
- Í framleiðslu á söluvarningi þar sem vottað eldhús þarf
- Matreiðslunámskeið
- Bjóða upp á samlokur og annað á böllum
- Veisluþjónusta
- Bakstur
- Matvælaframleiðsla
- Steikja laufabrauð
- Það er iðnaðareldhús á Skagaströnd...
- Smáframleiðendur
- beint frá býli
- matvælanýsköpun
- námskeiðshald
- veisluhöld og undirbúningur
- framleiðsla fyrir fjáröflunar
- samkoma stórfjölskyldunnar
- laufabrauðsgerð og smákökur
- finnst iðnaðareldhús ekki passa í félagsmiðstöðina. Þó er nauðsynlegt að hlúa að núverandi eldhúsi og gera það algjörlega upp með góðum tækjum. Iðnaðareldhús myndi líka þarfnast meira pláss sem við megum ekki missa

Hvað þarf að vera til staðar í iðnaðareldhúsi svo það nýtist sem best?

- Gott að þrifa
- Góðir kælar og frystar
- vacuum pökkun
- 2x iðnaðarofn
- Innangengur kæli
- Iðnaðar hrærivél (með hakkavél)

- Lofttæmingarvél
- Vinuborð
- Kjötsög
- Kæla fyrir hakkvél
- Hamborgarapressa
- Vaccum pökkun
- Kjötsög
- Stór hrærivél
- Bjúgnargerðarvél
- Kjötvinnsla
- Geta unnið heilan kjötskrokk
- Hakkvél
- Hnífabrýnari
- Heil uppvöskunarlína
- Vogir og mælitæki fyrir framleiðslu

Niðurstöður fundar með ungmennum í dreifnáminu

Hvaða Tómsundastarf sjáið þið fyrir ykkur í samfélagsmiðstöðinni?

- Bíókvöld
- Pool borð
- Borðtennis
- Naglastöð
- Elda saman (klúbbastarf)

Hvaða starfsemi/búnaður/aðstaða ætti að vera til staðar í húsnæðinu og hvar?

- Gamla Mötuneytið

Hvaða væntingar hafið þið til tæknismiðjunnar?

- Skartgripagerð
- Teikni aðstaða
- Þrjóna aðstaða
- Podcast
- Karaoke
- Sauma föt

Hvernig ætti opnunartími og aðgengi að aðstöðunni að vera?

- Það væri sniðugt að hafa opið frá kl 12:00 – 17:00

Hverjir eru kostirnir og ókostirnir þess að halda Órion á sínum stað?

- Galli að það sé bara eitt klósett í dreifnáminu
- Kostir að það er meira pláss, almennilegt eldhús og mikið af tækjum sem getur verið í boði fyrir fleiri heldur en bara starfsemi Órion

Hverjir eru kostir og ókostir þess að flytja Órion í félagsheimilið?

- Galli að við erum ekki nán hinum
- Kostir að við fáum meiri félagskap milli krakkanna

Hvað á samfélagsmiðstöðin að heita?

- Okkur finnst að ekki eigi að breyta nafninu